

Fundargerð 2. maí 2022

Mættar: Nanna, Sella, Berglind og Ásdís sem ritar fundargerð

- Rætt stuttlega um að koma inn áminningu í skipulagið um Stóru upplestrarkeppnina. Mögulega að einhver geti komið inn og aðstoðað við undirbúning. Góðar leiðbeiningar mögulega inn á raddir.is.
- Steinunn María sendi erindi um endurtekið lestrarátak með vorinu. (Sjá póst hér að neðan). Spurning um að ræða það á árgangafundi. Að okkar mati er þetta orðið of seint. Á næsta ári er spurning um að skipuleggja þetta strax í upphafi og festa tvö átök.
- Fyrir næsta ár væri gott að skipa einhvern sem sér um að senda áminningar um Orðarún og Lesferil.
- Næsti fundur mánudaginn 9. maí kl. 14:20 þar sem við skipuleggjum það að taka saman niðurstöður vetrarins úr Lesfiminni, rýna í þær og setja inn í sjálfsmatsskýrsluna.

Bréf frá Steinunni Maríu:

Til læsisteymis

Blessuð og sæl

Mér fannst læsisátakið takast mjög vel í okkar bekk og ég held að vel hafi til tekist á flestum stöðum.

Mér fannst fínt að prófa að hafa allan bekkinn undir sem eina heild. En mér fannst það samt súrt að sjá börn (Hugrún) sem lesa mikið vera með samviskubit yfir því að lesa ekki meira því þau þyrftu pottþétt að bjarga einhverjum í bekknum sem ekki las tilskilinn mínútufjölda.

Hvað ef einn nemandi skilaði ekki sínu en allir aðrir lásu samviskusamlega sitt. Fær bekkurinn umbunina eða er öllum hegnt fyrir þann eina sem ekki las. Ég ætla innilega

að vona að kennarar hafi staðið við sitt og felld niður umbunina hafi ekki allir lesið sitt.

En mig langar svo að biðja ykkur um að skella í annað stutt og laggott átak í mars (t.d. 7. – 11. mars) og hafa það þá mjög skýrt að það sé einstaklingsátak. Lesa alla vikuna frá mánudegi til föstudags í x langan tíma. Verðlaun fyrir þá sem skila sínu.

Það er svo frábært ef hver og einn tekur ábyrgð á sér. Ef ég les ekki fæ ég ekki umbun, engum nema mér sjálfum um að kenna!

Hér að neðan er tillaga að pósti til foreldra fyrir marsátakið, ef þið hafið áhuga. Ég mun að minnsta kosti skella mínum bekk í átak. Ég finn mjög mikinn mun á þeim eftir þetta átak ☺

Kv. Mæja

Til foreldra á yngsta stigi

Í næstu viku ætlum við að skella í annað lestrarátak ársins.

Gert er ráð fyrir að nemendur lesi í **30 mínútur á dag frá mánudegi til föstudags**. Að minnsta kosti helming tímans upphátt.

Foreldrar/forráðamenn skrá á þar til gert blað mínútufjölda. Nái barn ekki tilsettum mínútufjölda fær það ekki umbun með bekknum.

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.

Skila þarf blaðinu mánudaginn 14. mars

Umbun fer fram þriðjudaginn 15. mars.

Svo færi eins blað heim fyrir miðstig og unglíngastig hugsanlega með sama mínútufjölda eða bæta við mínútum.